HVAÐ ER AÐ GERAST UM Helgina?

LEIKLIST

Leikfélag Akureyrar:

Einkalíf

Leikfélag Akureyrar sýnir nú leikrit Noel Coward, Einkalíf. Verkið fjallar um fráskilin hjón, sem hittast þegar bæði eru í annarri brúðkaupsferð sinni. Leikstjóri er Jill Brooke Árnason, sem þýddi verkið ásamt Signý Pálsdóttur. Í aðalhlutverkum eru Sunna Borg, Gestur E. Jónasson, Guðlaug María Bjarnadóttir og Theodór Júlíusson. Næsta sýning Einkalífs er annað kvöld kl. 20.30, en fáar sýningar eru eftir.

Þjóðleikhúsið:

Frumsýning á Litla sviði

Á sunnudagskvöld frumsýnir Þjóðleikhúsið á Litla sviðinu verkið Góða nótt, mamma, en það er verðlaunaleikrit eftir Marsha Norman. Olga Guðrún Árnadóttir þýddi verkið, en leikstjóri er Lárus Ýmir Óskarsson. Leikmynd og búninga gerði Þorbjörg Höskuldsdóttir og lýsingu annast Kristinn Daníelsson. Í þessu verki eru tvö hlutverk og eru þau í höndum Guðbjargar Þorbjarnardóttur og Kristbjargar Kjeld.

Þjóðleikhúsið sýnir verk Ólafs Hauks Símonarsonar, Milli skinns og hörunds. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson en meðal leikenda eru Gunnar Eyjólfsson, Þóra Friðriksdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Sigurður Skúlason. Næstu sýningar á verkinu eru annað kvöld og á sunnudagskvöld.

Leikfélag Keflavíkur:

Fjölskyldan

Leikfélag Keflavíkur frumsýnir leikritið Fjölskyldan eftir Claes Aanterson á morgun í Félagsbíói. Leikstjóri er Ásdís Skúladóttir, en með aðalhlutverk fara Björk Mýrdal og Rikki í Höfnum. Næstu sýningar verða á þriðjudag og miðvikudag kl. 20.30.

Leikfélag Reykjavíkur:

Fjögur verk

Leikfélag Reykjavíkur sýnir nú skopleikinn Félegt fés eftir Dario Fo. Leikritið er sýnt á miðnætursýningum í Austurbæjarbíói kl. 23.30 á laugardögum. Uppistaða verksins er misskilningur, sem hefst á því að forstjóra FIAT-verksmiðjanna er rænt. Leikstjóri Félegs fés er Gísli Rúnar Jónsson en meðal leikara eru Aðalsteinn Bergdal, Bríet Héðinsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Kjartan Ragnarsson.

Leikfélagið sýnir nú aftur Fjöreggið eftir Svein Einarsson. Með aðalhlutverk í verkinu, sem leikstýrt er af Hauki J. Gunnarssyni, fara Guðrún Ásmundsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Pálmi Gestsson og Lilja Þórisdóttir.

Leikritið Dagbók Önnu Frank verður sýnt annað kvöld. Guðrún Kristmannsdóttir leikur Önnu, en leikstjórn er í höndum Hallmars Sigurðssonar.

Verk Brendan Behan, Gísl, verður sýnt í Iðnó á sunnudagskvöld. Með aðalhlutverk fara Gísli Halldórsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Jóhann Sigurðarson. Leikstjóri verksins er Stefán Baldursson.

Revíuleikhúsið:

Litli og Stóri Kláus

Revíuleikhúsið sýnir barnaleikritið Litli Kláus og Stóri Kláus eftir H.C. Andersen í Bæjarbíói í Hafnarfirði á morgun og á laugardag kl. 14. Leikstjóri verksins er Saga Jónsdóttir, en með aðalhlutverk fara Júlíus Brjánsson og Þórir Steingrímsson.

Alþýðuleikhúsið:

Beisk tár.....

Alþýðuleikhúsið sýnir nú fyrsta verk vetrarins. Leikritið heitir Beisk tár Petru von Kant og er eftir Fassbinder í þýðingu Böðvars Guðmundssonar. Sigrún Valbergsdóttir annast leikstjórn, en leikarar eru María Sigurðardóttir, Kristín Anna Þórarinsdóttir, Vilborg Halldórsdóttir, Edda V. Guðmundsdóttir, Erla B. Skúladóttir og Guðbjörg Thoroddsen. Verkið verður sýnt á Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20.30, á morgun og á sunnudag kl. 16 og á mánudag kl. 20.30.

EGG-leikhúsið:

Skjaldbakan . . .

EGG-leikhúsið sýnir verk Árna Ibsen, Skjaldbakan kemst þangað líka, öll kvöld helgarinnar og verður síðasta sýning verksins á mánudag. Leikritið er byggt á samskiptum skáldanna Ezra Pound og William Carlos Williams og fara þeir Arnór Benónýsson og Viðar Eggertsson með hlutverk þeirra. Sýningar eru í Nýlistasafninu við Vatnsstíg og hefjast þær kl. 21.

Regnboginn:

Kúrekar norðursins

Íslenska kvikmyndasamsteypan sýnir nú kvikmyndina Kúrekar norðursins í Regnboganum í Reykjavík. Kvikmyndin var tekin á „Kántrýhátíð" á Skagaströnd í sumar, en með helstu hlutverk fara Hallbjörn Hjartarson og Johnny King. Kvikmyndatöku önnuðust Einar Bergmundur og Gunnlaugur Pálsson, Sigurður Snæberg nam hljóð og klippti myndina, en með stjórn verksins fór Friðrik Þór Friðriksson.

TÓNLIST

Musica Nova:

Orgeltónleikar

Musica Nova heldur 3. tónleika starfsársins í Kristskirkju á mánudag kl. 20.30. Þá mun Hörður Áskelsson, orgelleikari, flytja verk eftir fjögur tuttugustu aldar tónskáld, Jean Langlais, Oliver Messiaen, Jehan Alain og György Ligeti.

Hótel Loftleiðir:

Hádegisjazz

Ólafur Stephensen, auglýsingafrömuður, verður gestur jazzgeggjara í Blómasal Hótels Loftleiða í hádeginu á sunnudag.

MYNDLIST

Gallerí Grjót:

Ófeigur Björnsson

Ófeigur Björnsson, gullsmiður, opnar í dag sýningu á listmunum sínum í Gallerí Grjót á Skólavörðustíg 4a. Á sýningunni eru skartgripir fyrir ýmsa líkamshluta og skúlptúrar og vinnur Ófeigur verk sín m.a. í leður. Ófeigur hefur haldið 2 einkasýningar áður, m.a. í Helsinki í sumar, og tekið þátt í fjölda samsýninga, heima sem heiman. Sýning hans í Gallerí Grjót er opin virka daga frá kl. 12—18 og um helgar frá kl. 14—18, en henni lýkur um mánaðamótin.

Norræna húsið:

Leikbrúður

Jón E. Guðmundsson sýnir nú leikbrúður og vatnslitamyndir í Norræna húsinu. Jón hefur leikbrúðusýningar á morgun og á sunnudag kl. 15 og 17. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14—22 og mánudaga til miðvikudaga frá kl. 14—18.

Ingvar og Gylfi:

Astrid og Bjarni

Hjónin Astrid Ellingsen og Bjarni Jónsson sýna nú verk sín hjá Ingvari og Gylfa á Grensásvegi 3. Sýningin er opin í dag kl. 9—22, á morgun kl. 9—18 og á sunnudag kl. 14—18, en það er jafnframt síðasti sýningardagur.

Nýlistasafnið:

Hlegið í gegnum tárin

Emil Gunnar Guðmundsson sýnir nú ljósmyndaröð er hann nefnir Hlegið í gegnum tárin í neðri sal Nýlistasafnsins við Vatnsstíg. Sýningin er haldin í tengslum við sýningu EGG-leikhússins á verkinu Skjaldbakan kemst þangað líka og er hún opin frá kl. 17—21. Sýningin stendur til mánudags.

JL-húsið:


Ólafur Bjarnason

Ólafur Bjarnason sýnir nú 25 vatnslitamyndir á 2. hæð JL-hússins við Hringbraut. Ólafur er sjálfmenntaður í list sinni, en að eigin sögn hóf hann að mála eftir að hann hafði lent í slysi og var lengi rúmfastur. Myndir Ólafs eru landslagsmyndir, mest frá Snæfellsnesi og Þingvöllum, en einnig eru nokkrar myndir frá Costa del Sol. Listamaðurinn vildi sérstaklega bjóða samferðamönnum sínum þaðan á sýningu þessa.

Keramikhúsið:

Keramikmunir

Keramikhúsið, Sigtúni 3, heldur á sunnudag sýningu á keramikmunum. Sýningin er opin frá kl. 14—17 og verða sýndir fullunnir munir og munir, sem ætlaðir eru til lokavinnslu hjá kaupanda.



Gallerí Langbrók:

Eva og Lísbet

EVA Vilhelmsdóttir opnar á morgun kl. 14 sýningu í Gallerí Langbrók á leðurfatnaði, sem unninn er úr kálfa- og lambaskinnum. Jakkar, frakkar og kápur eru meginuppistaða sýningarinnar, en einnig sýnir Eva teikningar af nýjum fatnaði, sem kemur á markaðinn fyrir jólin. Lísbet Sveinsdóttir, glerlistakona, opnar einnig sýningu í Gallerí Langbrók á morgun og sýnir hún leirmuni, brennda í jörðu.

Egilsbúð:

Katrín H. Ágústsdóttir

Katrín H. Ágústsdóttir opnar á morgun sýningu á vatnslitamyndum í Egilsbúð í Þorlákshöfn. Þetta er 11. einkasýning Katrínar og verður hún opin frá kl. 14—19 um helgar og á opnunartíma safnsins aðra daga, en henni lýkur 25. nóvember.

Kjarvalsstaðir:

Handmáluð ljóð

Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson halda nú sýningu á handmáluðum ljóðum eftir Böðvar, unnin í samvinnu þeirra félaga. Myndirnar eru unnar í olíu, akríl og pastel. Að auki sýnir Valgarður u.þ.b. 40 myndir í ýmis efni. Sýning þeirra félaga stendur til 25. nóvember.

Listamiðstöðin:

Guðni Erlendsson

Guðni Erlendsson heldur nú sýningu á verkum sínum í Listamiðstöðinni við Lækjartorg. Sýningu sína kallar Guðni „Leirmyndir" og eru verkin á sýningunni 30—40 talsins. Verkin eru silkiþrykktar leirmyndir. Sýningu Guðna lýkur á sunnudag.

Listmunahúsið:

Ómar Skúlason

Ómar Skúlason heldur nú sýningu í Listmunahúsinu við Lækjargötu. Á sýningunni, sem er önnur einkasýning listamannsins, eru verk unnin með blandaðri tækni, málun, þrykk og klipp. Ómar útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1977. Sýning hans er opin virka daga frá kl. 10—18 en kl. 14—18 um helgar. Henni lýkur á sunnudag.



Kjarvalsstaðir:

Valgerður Hafstað

Í vestursal Kjarvalsstaða er sýning Valgerðar Hafstað listmálara. Þar sýnir Valgerður 60 vatnslitamyndir, akrílmyndir og olíumyndir, sem hún hefur unnið á undanförnum 3 árum. Valgerður hefur starfað og búið í París og nú síðasta áratuginn í New York. Sýningin verður opin til 25. nóvember næstkomandi og er opin frá kl. 14 til 22 daglega.